



Reykjanesbær 28. nóvember 2006.

Heilbrigðisnefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um embætti landlæknis, 273. mál.**

Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja tók fyrir á fundi sínum þann 28. nóvember 2006 Frumvarp til laga um embætti landlæknis, 273. mál. Framkvæmdastjórn telur löngu tímabært að embætti landlæknis fái sérstök lög til að ramma inn hlutverk sín sem eru mörg, umfangsmikil og mikilvæg fyrir heilbrigðisþjónustuna og fagráðuneyti þess. Framkvæmdastjórn gerir engar meiriháttar athugasemdir við frumvarpið eins og það stendur nú en setjum fram nokkrar athugasemdir eða tillögur fyrst og fremst til að skýra, hnykkja á og vekja athygli á einstökum atriðum.

Athugasemdir og tillögur voru gerðar við eftirtaldar greinar:

2. grein.

Er aðstoðarlandlæknir ráðinn af landlækni eða skipaður af ráðherra?

4. grein.

Þar sem talin eru upp hlutverk landlæknis þykir okkur rétt að hnykkja á því hlutverki að hann skuli leitast við að tryggja öryggi skjólstæðinga heilbrigðisþjónustunnar með því að fá reglulega upplýsingar og greiningu á öllum frávikum. Slík greining er síðan notuð til að skerpa á eða koma á verklagi sem fyrirbyggir frávik. Í g lið 4. gr. segir að landlæknir skuli vinna að gæðaðróun innan heilbrigðisþjónustunnar. Þetta er nokkuð vítt hugtak og spurning hvort hægt er að þrengja það og gera það skýrara.

6. grein.

Hér er vísað til reglugerðar sem ráðherra setur um faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu. Í reglugerðinni skal kom fram hverjar ern lágmarkskröfur varðandi m.a. mönnun, húsnæði, tæki og búnað. Þrátt fyrir að orðalagið m.a. opni fyrir ýmislegt annað sem hægt er að setja kröfur um teljum við eðlilegt að hér sé einnig talið upp hvers konar hugbúnaður verði notaður til gagnavinnslu og hvernig öryggi gagna verður tryggt. Við sjáum ekki hvaða tilgangi síðasta málsgreinin í 6. gr. (sem hefst á Greiðsluþátttaka ríkis ... ) þjónar í þessu samhengi.

9. grein.

Hér er gerð tillaga um að í stað orðanna *óvænt atvik* verði notað orðið *frávik*. Það vísar til hvers kyns frávika í þjónustu, greiningu og meðferð frá því sem eðlilegt og rétt getur talist.

10. grein.


Hér er aftur gerð tillaga um orðið frávik og sérstaklega er mælt gegn því að nota orðið óhappatilvik (3. mgr.) sem er mjög gildishlaðið orð. Í sömu málsgrein er talað um að tilkynna þurfi sérstök frávik til lögreglu en ekki er skýrt hver á að gera það. Skv. læknaðögum er það yfirlæknir stofnunar sem ber að tilkynna til lögreglu en hér er það orðið óljóst.

12. grein.

Nú er lagt til að orðið mistök verði tekið út og frávik notað í staðinn. Í málgr. sem byrjar á ... *Kvörtun skal borin fram við ....* er setning sem endar svo: "... er landlækni rétt að vísa kvörtun frá ...". Hér er ekki ljóst hvort hann hefur rétt til að vísa kvörtun frá eða hvort rétt sé að vísa kvörtun frá. Neðar í sömu grein kemur fram að að lokinni málsmeðferð skuli landlæknir gefa skriflegt álit. Ekki kemur fram hver fær slíkt álit í hendur, hver má fá það, hver á að fá það og hver getur úrskurðað um slíkt.

Endar athugasemdir voru gerðar við greinar nr. 1., 3., 5., 7., 8. og 11.

Virðingarfyllst,

  
Drífa Sigfúsdóttir,  
framkvæmdastjóri.